



Mynd: Golfsamband Íslands/seyth@golf.is

Hlynur Geir höggi frá sigrinum

Íslandsmótið í golfi fór fram Á Urriðaholtvelli um liðna helgi. Golfklúbbur Selfoss sendi frá sér fimm fulltrúa að þessu sinni og í tilkynningu frá Golfklúbbnum segir að fulltrúrar GOS hafi staðið sig frábærlaga.

Hlynur Geir Hjartarson, framkvæmdastjóri og yfirþjálfari hjá Golfklúbbi Selfoss, var höggi frá því að vinna mótið í æsispennandi keppni á sunnu-

dag, þar sem úrslitin réðust á 18. holu, en Hlynur spilaði hringina á 70 - 65 - 68 - 71, eða samtals 10 undi pari vallarins. Að lokum fór það svo að Logi Sigurðsson sigraði mótið með 11 höggum undir pari.

Hlynur, sem átti stórleik á mótinu, jafnaði að auki vallarmetið í Urriðaholti á öðrum degi, nokkrum mínútum eftir að atvinnukylfingurinn Guðmundur

Ágúst setti það. Hann fékk sex fugla og tapaði ekki höggi.

Hlynur, sem er á 47. aldursári, gaf yngri keppendum ekkert eftir, en meðalaldur í karlaflokki var 26,2 ár.

Aron Emil frá Golfklúbbi Selfoss endaði í 7. sæti og Heiðrún Anna var í 8. sæti í kvennaflokkni og átti ein af tilþrifum mótsins þegar hún náiði erni á 14. braut.



Hamingjan réði ríkjum í Þorlákshöfn

Hamingjan við hafið var Haldin með pompi og prakt í Þorlákshöfn dagana 8.-12. ágúst. Dagskráin var fjölbreytt og fyrir allan aldur og hófst hún á sýningu Leikhópsins Lottu, Gilitrutt í Skrúðgarðinum. Fyrri hluta vikunnar léku bæjarbúar sér í alls kyns

leikjum og samveru og má þar nefna Boltajrautir hverfanna, lautarferð og gömlu góðu leikina í Skrúðgarðinum og margt margt fleira. Hátíðin fór einstaklega vel fram og heppnaðist afar vel. Veðrið lék við hátíðargesti alla vikuna. Nánar er fjallað um Hamingjuna við hafið á bls 10.



Hugur
Sálfræðiþjónusta

Tryggvagata 13 | 3. hæð | 800 Selfoss
Nánari upplýsingar og tímapantanir á www.hugur.is

Selja erlendum fjárfestum vatnið

Síðar hluti vatnsfyrirtækisins Icelandic Water Holdings á Hlíðarenda í Ölfusi, sem er félag utan um vatnsframleiðslu undir merkjum Icelandic Glacial, hefur verið seldur til erlendra fjárfesta. Morgunblaðið greindi frá fyrir helgi.

Þeir Jón Ólafsson og Kristján Ólafsson hafa undirritað kaupsamning og gengið verður frá kaupunum þann 22. ágúst.

Í samtali við Morgunblaðið segir Jón að bæði kaupverð og hlutur fjárfestanna, sem komi viðsvegar að úr heiminum, sé trúnaðarmál. Þá segir hann að dragandann að kaupunum hafa verið langan, en hann hafi hitt fjárfestana árið 2019, í Frakklandi og lítið hafi verið hægt að aðhafast á meðan heimsfaraldur stóð yfir.

Hafa fjárfestarnir í hyggju að stórauka framleiðslugetu fyrirtækisins með því að reisa nokkrar verksmiðjur til viðbótar.



Breytingar voru gerðar á stjórn félagsins á aðalfundi sem haldinn var í júní, en sánski fjárfestirinn Johan Eric Dannelind, fyrrum forstjóri fjarfskiptafélöganna Du og Telia Company, var kjörinn stjórnarformaður fyrirtækisins.

Þá segist Morgunblaðið hafa heimildir fyrir því að kínverski auðjöfurinn Jack Ma, stofnandi sölusíðunnar Alibaba, hafi komið að viðskiptunum.

HGL



**Töðugjöldin
hefjast í dag**



**„Krabbameinið
er ekki ég“**

**Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi**



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is

LAGERHREINSUN

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
Á ÚTSÖLUNNI
50-70% AFSLÁTTUR

SÉRTILBOÐ **20% AFSLÁTTUR**
AF ÖLLUM ÖÐRUM
VÖRUM TIL 31. ÁGÚST

LINDIN
TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



Prentmet Oddi ehf. | Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is



Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Kvenfélög Uppsveita vilja bætt heilsugæslumál á svæðinu

Kvenfélögin í Uppsveitum Árnessýslu; Kvenfélög Biskupstunga, Gnúpverja, Grímsneshrepps, Hrunamannahrepps, Laugdæla og Skeiðahrepps hafa miklar áhyggjur af stöðu heilsugæslumála á svæðinu.

Fyrirsjáanleg er skerðing á læknispjónustu í Uppsveitum m.a. vegna uppsagna á bakvöktum lækna á Heilsugæslunni í Laugarási. Kvenfélögin hafa verið oflögir bakhjarlar HSU og heilsugæslunnar um áratuga skeið. Þau hafa ætild stutt við þessar stofnanir með fjármagni til tækjakupa og fleira.

Kvenfélögin öll sem eitt skora á stjórn HSU, allar sveitarstjórnir í Uppsveitum Árnessýslu, Landlæknisembættið, Heilbrigðisráðuneytið og heilbrigðisráðherra auk innviðaráðherra að þau taki öll höndum saman og vinni hratt og vel að öryggi íbúa, sumarhúsaeigenda og ferðamanna með því að:

- Tryggja og verja stöðu heilsugæslunnar í Uppsveitum.
- Fastráða lækna og tryggja



Mynd: Facebook/Uppsveitir Árnessýslu

bakvaktir þeirra.

Tryggja fasta viðveru sjúkrabíla og bráðaliða allt árið um kring.

Fylgja Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 þar sem m.a. kemur fram: „Til að tryggja að heilbrigðisþjónustan sé í samræmi við þarfir og væntingar notenda þarf að kanna reynslu og viðhorf notenda reglubundið með þjónustukönnunum.“

Áskorun þessi er send á yfirstjórn HSU, fulltrúa allra sveitarstjórnar í Uppsveitum Árnessýslu, sveitarstjóra, oddvita, Landlæknisembættið, heilbrigðisráðherra og Heilbrigðis-

ráðuneyti, innviðaráðherra, fjölmíðla og þingmenn Suðurlands.

Fyrir hönd Kvenfélaga í Uppsveitum Árnessýslu, Andrea Rafnar, formaður Kvenfélags Biskupstunga Lára Bergljót Jónsdóttir, formaður Kvenfélags Skeiðahrepps Ragna Björnsdóttir, formaður Kvenfélags Grímsneshrepps Sigríður Björk Gylfadóttir, formaður Kvenfélags Gnúpverja Valný Guðmundsdóttir, formaður Kvenfélags Hrunamannahrepps Póra Þóll Meldal Tryggvadóttir, formaður Kvenfélags Laugdæla

Afmælishátíð Beint frá býli

Félagasamtökum Beint frá býli fefnir til afmælisviðburðar í tiltefni 15 ára afmælis félagsins. Alls verða haldnir sex viðburðir um allt land, sunnudaginn 20. ágúst nk. milli klukkan 13 og 17.

Á Suðurlandi verður viðburðurinn haldin í Efstadal II, Bláskóga-byggð. Þar er gestum boðið að kynna sér vörur, vinnslur og þróun á matvöru frá heimavinnsluaðilum vítt og breitt frá Suðurlandi, sem jafnframt eru allt félagsmenn í Beint frá býli.

Boðið verður upp á afmælisköku, kaffi og djús en jafnframt munu gestgjafarnir í Efstadal selja veitingar af ýmsu tagi. Beint frá býli hlakkar til að sjá sem flesta íbúa af Suðurlandi og aðra gesti og eiga góðan afmælis-dag saman.

Nánari upplýsingar má finna á vef beintfrabyli.is.



Efstadalur II.

Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrla@keyrla.is - www.keyrla.is - [/keyrla.is](#)





lindex.is

Klár í skólann?

LINDEX

Töðugjöld hefjast í dag

R ótgróna fjölskylduhátiðin Töðugjöld fer fram á Hellu dagana 17.-24. ágúst.

Hverfum bæjarins er skipt upp eftir litum; bleikt og fjólu-blátt, gult, rauvt, blátt, grænt og appelsínugult og svart og hvít, sem er nýjasta viðbótin við litaskiptinguna. Sú hefð hefur skapast að hverfin skiptist á að bjóða fólkum heim á föstudagskvöldinu í svokölluðu þorparölti og í ár fellur það hlutverk í skaut bláa hverfisins, sem er fyrir miðjum bænum.

„Það jafnast fátt á við það að geta litið upp úr amstri dagsins og glatt sig og aðra með uppbroti eins og Töðugjöldin eru. Uppskeruhátiðir eru í eðli sínu til þess að fagna því sem gert hefur verið og að njóta uppskeru sinnar. Það gerum við hver á sinn átt en gott er að gleðjast yfir því sem áunnist hefur í lífinu og



horfa síðan með bjartsýni til framtíðar,“ segir í pistli frá Jóni G. Valgeirssyni sveitarstjóra.

Dagskrá Töðugjaldar er metnadarfull sem endranær en vegna framkvæmda við Grunnskólann á Hellu verður henni hliðrað til í ár, sem kemur eflaust ekki að sök.

Raddir úr Rangárþingi hefja

leika á fimmtudagskvöld, á föstudag er, sem fyrr segir, þorparöltið, þar sem íbúar í bláa hverfinu taka vel á móti gestum og gangandi.

A laugardag verður boðið upp á morgunsúmba, morgunverð og viðburði í íþróttahúsini þar sem Harmonikkufélag Suðurlands stígar á stokk, auk leiksýningar, kökuskreytingakeppni HSK og ýmissa annarra skemmtilegra viðburða. Bílastýning verður á árbakkanum og á íþróttavellinum verður lifandi tónlist, fjölbreytt afþreying fyrir unga sem aldna, BMX Brós, Sirkus Íslands, danssýning, ýmsar keppnir og nóg um að vera fyrir alla sem sækja Hellu heim.

Leikhópurinn Lotta kemur svo og skemmtir ungum jafnt sem öldnum á sunnudaginn og slær botninn úr hátíðahöldunum.

Uppskeruhátiðin Haustgildi næstu mánaðamót

Uppskeruhátiðin Haustgildi menning er matakista verður haldin í þróðja sínn á Stokkseyri fyrstu helgina í september, 2. - 3. Eins og felst í orðinu, þá fagnar Haustgildi haustinu og er óður til uppskerunnar í viðri merkingu. Framleiðendur kynna vöru sína, listamenn kynna verk sín og gestir njóta í vinalegu umhverfi Stokkseyrar við ströndina í Árborg.

Ánægja gesta og þátttakenda í þau skipti sem hátíðin hefur verið haldin, hefur hvatt okkur sem stöndum að Haustgildi til að færa út kvíarnar ögn og fá fleiri til að taka þátt og bjóða fleiri gestum að kynnast hátiðinni og Stokkseyri og ströndinni í Árborg.



Eitt af aðal áherslunum á Haustgildi er að tefta saman framleiðendum af þessu tagi í samþland við menningarviðburði. Í ár verður viðburða dagskráin sannarlega safarík og við erum mjög þakklát fyrir hversu margir hafa séð sér fært að taka þátt. Þeir rithöfundar sem taka þátt eru Ófeigur Sigurðsson, Harpa Rún Kristjánssdóttir, Hlín Agnarsdóttir, Sandra B. Claußen: Lesið verður uppúr nýjum bókum eftir Einar Már Guðmundsson, Natalía Stolyarova, Þórdís Þúfa, Gunnar Theodór Eggertsson, Sigríður Baldvinsson og Bjarni Þór Pétursson. Bókamarkin aður með verkum þessara höfunda, eins nýjum og kostur er, verður til sölu á bókamarkaði Sigvalda í bland við eldri bækur.

Stærsti viðburðurinn á Haustgildi í ár verður svo tónleikar sem verða haldnir í Stokkseyrarkirkju á laugardagskvöldið þar sem Krummi Björvinsson spilar ásamt hljómsveit efni af væntanlegri plötu sem hann hefur verið að vinna að en morg lög hafa fengið spilun á



útværþrásum landsmanna síðustu misserin. Aðgangseyrir á þá tónleika er 3.600 kr og hægt að nálgast miða á tix.is. Fleiri tónlistamenn koma fram líka en þau eru Ragnar Ólafsson úr Árstíðum, Freysteinn Gíslason kontrabassaleikari ásamt Helga R. Heiðarssyni á tenór saxafón og Óskar Kjartanssyni á trommur og Eyjólfur Eyjólfsson söngvari og langspilsmiður. Lokatónleikar Haustgildis verða á Brimrót í gamla félagsheimiliðinu Gimli á Stokkseyri á sunnudaginn 03.09. frá 17 - 18 en þar koma fram Stokkseyringarnir Július Óttar og Kristín Björk Kristjánssdóttir, líka þekkt sem Kira Kira.

Það má síðast en ekki síst taka fram að hátiðin í ár fer að mestu fram í og kringum Orgelsmiðjuna á Stokkseyri, bryggjumegin við Menningarverstöðina eða gamla frystihúsið á Stokkseyri.

Allar frekari upplýsingar er að finna á haustgildi.is.



Sunnlenski matgæðingurinn



Stefán Jóhannsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.



Leyfið að marinerast á meðan þið græjið salsað og sósuna.

Steikið rækjurnar svo á pönnu.

Ferskt salsa

- 1 mangó
- 1 miðlungs avocado
- 1/4 rauðlaukur
- 1/2 dl ferskur kóríander

Skerið mangó og avocado í litla teninga. Saxið rauðlaukinn og kóríanderinn smátt. Blandið öllu saman í skál.

Sósa

- 2 msk. sýrður rjómi
- 2 msk. majónes
- 1/2 tsk. hvítlauksduft
- 1/2 tsk. laukduft
- 1/4 tsk. cumin

Blandið öllu saman í skál.

Annað

- 6 litlar tortillur ég miða við 3 á mann
- Hreinn fetaostur
- Sterk sósa ég notaði siriracha mayo
- Lime til að kreista yfir

Brjótið litlar tacos til helminga og steikið upp úr smá olíu.

Setjið svo á tacoíð sósuna, ferska salsað, rækjurnar, stappaða fetaostinn og siriracha mayones eða aðra sterka sósu.

Ráð

Ef börn eru að borða líka eða þið fylid einfaldlega ekki sterkt – mæli ég með að sleppa cayenne piparnum í rækjurnar og sleppa sterku sósunni.

Njótið vel og verði ykkur að góðu. Að lokum vil ég þakka Knattspyrnufélaginu Árborg fyrir hátiðina Sumar á Selfossi sem að er stórkostleg skemmtun ár eftir ár.

Gáta vikunnar

Vísagáttur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókáútgáfan HÓLAR

Í sér löngum bana ber,
í býsna marga glæný fer.
Kemur stundum konur á,
af köllum slegin til og frá.


Svar við gátu í blaði 2713: **AUÐUR**
2. **Auður Djúpúðga**
4. **(r)auður**



Í tengslum við það þá vil ég skora næst á fyrrverandi leikmann Árborgar, hann Halldór Áskel Stefnánsson. Halldór er fyrst og og fremst frændi minn, en hann lítur einnig á okkur sem vini. Einhverjir vildu meina að þegar að ég flutti frá Selfossi árið 2016, og um svipað leyti flutti hann á Selfoss, þá hefðu það verið góð skipti, en langflestum fannst það harmleikur. Helsti styrkleiki Halldórs í eldhúsini er að teygja sig í bjór úr ísskápnunum þannig að ekki halda niðri í ykkur andanum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Komdu pallinum og öllu hinu tréverkinu í sumarbúning með
VISTVÆNNI VIÐAR *pallaolíu* og *viðarvörn* frá **Slippféluginu**.
VISTVÆNN VIÐAR er betri fyrir umhverfið.

**SLIPPFÉLAGIÐ**

Austurvegi 58, Selfossi, s: 482 1250

Opið:

8-18 virka daga og 10-14 laugardaga

slippfelagid.is**SLIPPFÉLAGIÐ**

ÍþRÓTTASTARF BARNA

UNDMENNNAFLÆG STOKKSEYRAR AUGLÝSIR EFTIR
ÍþRÓTTAJÁLFARA Í BARNASTARF FYRIR TÍMABILIN
SEPTEMBER-DESEMBER 2023



MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla sem
- ídkandi eda þjálfari
- Hreint sakavottord
- Hafa náð 20 ára aldri
- Sveigjanleiki og
- lipurd í starfi

Nánari upplýsingar veitir Ingi Þór, formaður UMF Stokkseyrar sem tekur einnig við umsóknunum. Sími 868-2655 og netfang umfstokkseyri@gmail.com



Skólasetning skólaárið 2023-2024

Grunnskólar Sveitarfélagsins Árborgar verða settir sem hér segir:



Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Skólasetning fer fram miðvikudaginn 23. ágúst 2023 í húsnæði skólans á Stokkseyri. Eftir stutta samkomu á sal munu nemendur hitta umsjónarkennara.

Kl. 09:00 Nemendur í 2.- 6. bekk, f. 2016 - 2012.
Kl. 10:00 Nemendur í 7.-10. bekk, f. 2011 - 2008.
Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar (f. 2017) verða boðaðir til viðtals með umsjónarkennara.

Stekkjaskóli

Skólasetning fer fram miðvikudaginn 23. ágúst 2023 í sal skólans. Eftir stutta samkomu á sal munu nemendur hitta umsjónarkennara.

Kl. 9:00 Nemendur í 2.-6. bekk, f. 2016 - 2012
Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar (f. 2017) verða boðaðir til viðtals með umsjónarkennara.

Sunnulækjarskóli

Skólasetning fer fram miðvikudaginn 23. ágúst 2023 í Fjallasal. Eftir stutta samkomu á sal munu nemendur hitta umsjónarkennara.

Kl. 09:00 Nemendur í 2. – 6. bekk, f. 2016 - 2012.
Kl. 10:00 Nemendur í 7. – 10. bekk, f. 2011 - 2008.
Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar (f. 2017) verða boðaðir til viðtals með umsjónarkennara.

Vallaskóli

Skólasetning fer fram föstudaginn 25. ágúst 2023 í íþróttahúsi Vallaskóla. Eftir stutta samkomu í íþróttahúsinu munu nemendur hitta umsjónarkennara.

Kl. 09:00 2. – 6. bekkur, f. 2016 - 2012
Kl. 10:00 7. – 10. bekkur, f. 2011 - 2008
Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar (f. 2017) verða boðaðir til viðtals með umsjónarkennara.

Skólastjórnendur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, Stekkjaskóla, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla.

Miðaldabókmenntir eiga hug minn flesta daga segir lestrarhesturinn Andri M. Kristjánsson

Andri M. Kristjánsson er eiginmaður, faðir, bókmenntfræðingur og er að skrifa doktorsritgerð í bókmenntafræði sem fjallar um frumsömu íslensku riddarasögurnar og hlutverk efnislegra fyrirbæra í frásögnum og byggingu íslensku riddarasagna. Andri er uppalið um Selfyssingur en hefur búið um hríð í Reykjavík.

Hvaða bækur eru að lesa núna? Þessa dagana er ég helst að lesa fyrir börnin míni. Dóttir míni er nokkuð spennt fyrir Harry Potter í augnablikinu og við erum að lesa sjöttu bókina um þessar mundir. Tvíbura-strákarnir míni eru hins vegar á smá Torbjarnar Egner tímabili og við höfum verið að lesa saman Dýrin í Hálsaskógi og Karíus og Baktus en þeir hafa alveg sérstakt dálæti á Kardemommu-bænum og þá sögu hef ég örugglega lesið 5 – 6 sinnum á þessu ári. Á meðan við erum í sumarfrí gefst mér oft ekki mikill tími til lesturs en á kvöldin glugga ég stundum í nokkrar riddarasögur, sem ég þarf að skrifa um þegar ég kem til baka úr frínu.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Ef við erum að ræða samtímbókmenntir þá eru það knappar og vel meitlaðar bækur sem höfða best til míni og ljóðabækur. Það er svo mikil list að koma hlutunum frá sér í stuttu máli og á þann hátt að það snerti lesannan. Á eigin vegum eftir Kristínu Steinsdóttur er frábært dæmi um slíka bók. Annars eru það miðaldabókmenntirnar sem eiga hug minn flesta daga og þá sérstaklega íslenskar miðaldabókmenntir á 14. og 15. öld. Þetta eru stórkostlega vanmetnar aldir í íslenskri bókmenntasögu enda hafa þær fengið nokkuð slæma

en óverðkuldaða útreið í gegnum tíðina.

Ertu alinn upp við lestar bóka? Jú það var nú víst mikið lesið fyrir mig þegar ég var barn, bæði góðar og alls konar bækur en það eru svona nokkrar sem standa upp úr og eru örugglega nokkuð dæmigerðar. Bækur eins og Ronja ræningjardóttir og Bróðir minn ljónshjarta voru áhrifamiklar og þá sérstaklega man

ég eftir hvað mér þótti sú síðar nefnda vera sorgleg. Ég man líka eftir að Einar Áskell var í uppáhaldi hjá mér, eins og ef laust hjá mörgum. Það er mér þó minnistætt að í einni bókinni borðaði Einar banana inni í þvottahúsi og eftir það var mér það mikið í mun að gera slíkt hið sama. Ég man eftir nokkrum skiptum þar sem ég sat á gólfini í þvottahúsinu heima og borðaði banana eins og Einar Áskell gerði. Eins man ég vel eftir bókum eins og Palli var einn í heiminum og bókunum um Lúlla eftir Ulf Löfgren en það er án efa lestrarhæfileikum móður minnar að þakka, sem lagði sig fram um að lesa með sérstakri rödd fyrir hverja persónu.

Segðu frá lestrarvenjum þínum. Ætli lestrarvenjur mínar séu ekki frekar óvenjulegar miðað við hinn hefðbundna lesanda en örugglega mjög á pari við hinn hefðbundna bókmenntafræðing. Síðstu misseri hef ég verið að skrifa doktorsritgerð um frumsömu íslensku riddarasögurnar sem voru skrifaðar allt frá um 1300 fram á 20. öldina, þó ég sé aðallega að skrifa um 14. aldar sögur. Þar af leiðandi les ég mjög mikið af bókmenntum og frædigreinum á hverjum einasta

degi þegar ég er í vinnuni og er orðinn nokkuð mettur á lestar þegar ég kem heim. Þá finnst mér gott að geta gripið í eitt-hvað knappt og skorinort. Það eru algjör forréttindi að fá að stunda lestar og rannsóknir á bókmenntum sem lifibrauð en það getur það verið tvíleggja sverð að því leytinu til að yndislesturinn á það á hættu að verða lítt þegar bókmenntir eru viðfangsefni vinnudagsins.

Einhverjir uppáhaldshöfundar?

Ég oft sagt við kollega mína og aðra sem hafa nennit að hlusta á mig að það sem íslenskar miðaldabókmenntir hafi fram yfir íslenskar samtímbókmenntir og aðrar bókmenntir almennt er aðallega það að þær eru næstum allar höfundarlausar. Þar af leiðandi eru þær draumur sérhvers bókmenntafræðings, vegna þess að það er hægt að greina þær algjörlega óháð persónu höfundarins. Það vill nefnilega oft trufla okkur hvað höfundar segja utan bókenntanna, hvort þeir eru til hægri eða vinstri, ihaldsamir eða frjálslyndir, andlega eða veraldlega þenkjandi, ríkir eða fátækir, ungir eða gamli. Oft dregur þetta athyglinga frá því hvað kemur fram í textanum og hvernig bókmenntirnar eru að bregðast við sínum samtíma eða eiga í samtalí við hann.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Nei ég get ekki sagt það, ekki nema það hafið verið til þess að læra fyrir próf daginn eftir, þá get ég sagt að það hafi ónefndur fjöldi bóka rænt mig svefni.

En að lokum Andri, hvernig bók myndir þú skrifा sem rithöfundur?

Það yrði að öllum líkendum fræðibók, þó að ljóðabók væri einnig verðugt viðfangsefni.

**Tillögur að áhugaverðum
Lestrarhestum berist á
netfangið jonozur@gmail.com**

Kaffikarlarnir láta ekkert framhjá sér fara

„Já hvað halðið þið að menn skoði í horni Bókasafnsins?“ Spyr Hilmar Þ. Björnsson, sem sendi okkur þessar skemmtilegu myndir af kaffikörlunum, sem koma saman flesta morgna í Bókasafni Árborgar á Selfossi og ræða allt milli himins og jarðar, jú og lesa Dagskrána að sjálfssögðu.



Velkomin!

í Hveragerði 17. til 20. ágúst

Fimmtudagsforleikur 17. ágúst

- 12:00-** **LISTASAFN ÁRNESINGA**
- 17:00** Sýningin Hornsteinn. Allir velkomnir – ókeypis aðgangur.

- 12:30-** **Hádegistónleikar í Hveragerðiskirkju**
- 13:00** Pétur Nói Stefánsson leikur áorgelið eða flygilinn. Allir velkomnir.

- 13:00-** **Bókamarkaður opnar í Bókasafninu, Sunnumörk**
- 18:30** Hinn árlegi bókamarkaður opnar.

- 13:00-** **Plöntuskiptamarkaður opnar í Bókasafninu, Sunnumörk**
- 18:30** Öllum er velkomð að skiptast á plöntum, afleggjurum, potnum og þess háttar.

- 17:00-** **Taylor's Tívolí við Íþróttahúsið, Skólamörk**
- 21:00** Taylor's Tívolí ætla að mæta með alvöru tívolístemningu við Íþróttahúsið Skólamörk.



Föstudagsfjör 18. ágúst

- 12:00-** **LISTASAFN ÁRNESINGA**
- 17:00** Allir velkomnir – ókeypis aðgangur

- 12:30-** **Hádegistónleikar í Hveragerðiskirkju**
- 13:00** Pétur Nói Stefánsson leikur léttá klassík. Allir velkomnir.

- 13:00-** **Bóka- og plöntuskiptamarkaður í Bókasafninu, Sunnumörk**
- 18:30** Mikið af góðum bókum til sölu á frábæru verði.

- 13:00-** **Ljósabolti í myrkri í Íþróttahúsini Skólamörk**
- 17:30** Úmsjón þjálfara frá knattspyrnuðeild Hamars.

- 17:00-** **Taylor's Tívolí skemmtigarðurinn**
- 21:00** Taylor's Tívolí ætla að mæta með alvöru tívolístemningu við Íþróttahúsið Skólamörk.

- 14:00-** **Teygjuhopp – Klessuboltar – Vatnaboltar**
- 19:00** Við Lystigarðinn.

- 16:00** **Guðrún Gunnarsdóttir og íslenskar dægurperlur**
- Tónleikar með Guðrún Gunnarsdóttir söngkonu í Listasafni Árnésinga.

- 16:00** **Fegurstu garðar Hveragerðisbæjar 2022**
- afhending í Hveragerðinum.

- 17:00-** **DJ í sundi**
- 18:30** Stuð og leikir fyrir alla fjölskyldun í Sundlauginni Laugaskarði.



Laugardagsgleði 19. ágúst

- 11:00** **Jóga í Lystigarðinum með Ástu Sóleyju**
Njótið og upplifið í fallegu umhverfi.

- 11:00-** **Bókamarkaður og bókasmiðja á Bókasafninu, Sunnumörk**
- 16:00** Mikið af góðum bókum til sölu á frábæru verði.

- 11:00-** **Ísdagur Kjöríss Austurmörk 15**
- 14:00** Ísdagur Kjöríss er nú aftur hluti af Blómstrandi dögum.

- 12:00-** **Markaður á Blómstrandi dögum**
- 17:00** Íþróttahúsini Skólamörk, notað og nýtt, stutt og sít, allt milli himins og jarðar.

- 12:00-** **Sýningar, markaðir og gallerí**
- 21:00** um allan bæ.

- 14:00-** **Teygjuhopp – Klessuboltar – Vatnaboltar**
- 19:00** Við Lystigarðinn.

- 12:00-** **Taylor's Tívolí skemmtigarðurinn**
- 23:00** Taylor's Tívolí ætla að mæta með alvöru tívolístemningu við Íþróttahúsið Skólamörk.

- 12:00-** **Aparóla yfir Reykjafoss**
- 17:00** Í umsjón Iceland Activities. Verð 2.000 kr.

- 13:00** **Söguferðir um Hveragerði með rútu Guðmundar**
- 16:00** Njörður Sigurðsson sagnfræðingur rifjar upp sögu Hveragerðis.

- 13:00-** **Fornbílar á Íþróttahúsplaninu við Skólamörk**
- 17:00** Félagar úr Fornbílaklúbbnum sýna glæsilega fornþíla.



Sunnudags-sveifla 20. ágúst

- 11:00** **Messa í lystigarðinum séra Ninna Sif Svavarsd.**

- 12:00-** **Sýningar og gallerí**
- 18:00** um allan bæ.

- 14:00-** **Teygjuhopp – Klessuboltar – Vatnaboltar**
- 19:00** Við Lystigarðinn.

- 12:00-** **Taylor's Tívolí skemmtigarðurinn**
- 18:00** Taylor's Tívolí ætla að mæta með alvöru tívolí stemmningu við Íþróttahúsið Skólamörk.

- 15:00** **Eðal djass í Listasafninu, Austurmörk**
Tónleikar með djasskvartett Ómars Einarssonar.

- 13:00-** **Opið hús hjá Hjálparsveit skáta**
- 16:00** Hjálparsveit Skáta Hveragerði sýnir húsnæðið að Austurmörk 9.

- 15:00** **BMX BRÓS hjólanámskeið**
á brettasvæðinu við Fljótsmörk.

- 15:00-** **Falleigir garðar til sýnis**
- 17:00** Verðlaunagarðar Hveragerðisbæjar 2023 eru opnir.

- 16:00** **Leikhópurinn Lotta í Lystigarði/Fossflöt**
Leikhópurinn Lotta sýnir Gilitrutt í boði Hveragerðisbæjar.



Komdu út að leika



Leikskólinn Krakkaborg leitar að leikskólakennnum bæði í fullt starf og hlutastarf. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, tilbúin að taka þátt í metnaðarfullu og faglegu starfi þar sem þroski og velferð barna er í fyrirrúmi.

Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli staðsettur í Flóahreppi. Nemendur eru á aldrinum 1 – 6 ára. Krakkaborg er Grænfánaleikskóli og er því lögð rík áhersla á umhverfismennt og grenndarkennslu. Leikskólinn starfar eftir hugmyndafræði John Dewey og eru einkunnarorð leikskólans *Hugur - Hjarta - Hönd*

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Leikskólakennari vinnur samkvæmt starfslysingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólabarna og tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs ásamt foreldrasamstarfi undir stjórn deildarstjóra. Hann fylgist með nýjungum á svíð kennslu og er virkur þátttakandi í faglegri umræðu leikskólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennrararéttindi
- Jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilji
- Færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með ungum börnum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Sveigjanleiki
- Góð íslensku kunnáttu
- Reynsla af uppeldi og menntun leikskólabarna

Gott er ef starfsmaður getur hafið störf strax eða **YANTRA PAINTINGS** nærandi list á blómstrandi dögum í Blómaborg um helgina. Laenfakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Vakin er athygli á að ef leikskólakennari sækir ekki um kemur til greina að ráða aðra háskólamenntaða einstaklinga eða leiðbeinendur.

Umsóknir skulu berast í gegnum heimasíðu leikskólans krakkaborg.leikskolinn.is fyrir 24. ágúst nk. Með umsókn skal fylgja ferilskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sara Guðjónsdóttir leikskólastjóri í síma 480 0151 eða krakkaborg@krakkaborg.is

Uppbygging íþróttaaðstöðu í Hveragerði

Meirihluti Okkar Hveragerðis og Framsóknar samþykkti á fundi bæjarráðs 10. ágúst 2023 að fresta uppbyggingu Hamarshallarinnar og fara strax af stað með byggingu gervigrasvallar í fullri stærð og leigja húsnæði í Vorsabæ fyrir neðan þjóðveg fyrir inniþróttir. Ástæða þessa er að gífurleg þörf er á mikilli fjárfestingu í skolphreinsistöð bæjarins en Hveragerðisbær hefur því miður ekki sinnt uppbyggingu hennar í samræmi við íbúafjölgun. Einnig er nú mun erfiðara efnahagsumhverfi og verri lánskjör en fyrir rúmu ári síðan þegar ákveðið var að hefja uppbyggingu nýrrar Hamarshallar.



Meirihluti O og B-listanna í Hveragerði. Mynd: Aðsend.

bæ fyrir neðan veg. Lagt er upp með að húsnæðið sé um 700 fermetrar að stærð og verður lagt sprotttagolfi og verði leigt í 3-5 ár. Eftir þann tíma er vonast til þess að varanleg aðstaða til inniþróttar verði komin upp. Þá er lagt upp með að bæta umferðaröryggi verulega í Vorsabæ vegna þessa.

Unnið áfram að áætlun um uppbyggingu Hamarshallar

Ákveðið hefur verið að fresta áætlunum um uppbyggingu Hamarshallarinnar en ekki hætta við þær. Gerð hefur verið skyndamleg áætlun um áfangauppbyggingu Hamarshallarinnar sem áfram verður byggt á. Tilboð sem bárust í alútboði, sem undirbúið var á síðasta ári, var öllum hafnað nú í apríl og ákveðið hefur verið halda ekki samkeppnisviðræðum við tilboðsgjafa áfram. Með því að fresta málinu og fara í þá uppbyggingu sem að framan er kynnt gefst meira svigrum til að undirbúa málið vel og skoða alla mögulega kosti í ljósi fjárhagsstöðu. Í því samhengi má nefna að áhugi er á því að skoða samstarfsgrundvöll við fasteignafélög um uppbyggingu Hamarshallarinnar í samhengi við uppbyggingu íþróttahótelss eða stækkun íþróttahúss við Skólamörk.

Bætt aðstaða í vetrur

Þá hefur jafnframt verið ákveðið að ráðast í aðgerðir til að bæta þá íþróttaaðstöðu sem þegar er til staðar í bænum í samráði við Íþróttafelagið Hamar. Má þar t.d. nefna að koma upp nýjum körfuboltaspjöldum í íþróttahúsinu og ryðja snjó á gervigrasvillinum á grunni Hamarshallarinnar þegar á þarf að halda. Mikilvægt er að stíga þessi skref

til að aðstaðan verði þolanlegri þar til varanlegri aðstaða hefur verið sett upp.

Komið að skuldadögum í skolphreinsimálum

Innviðaskuldin í Hveragerði er mikil og því miður hefur uppbygging innviða ekki haldist í við mikla íbúafjölgun síðustu ár. Stærð skuldin er í skolphreinsimálum en hreinsistöð Hveragerðis í Vorsabæ annar ekki lengur íbúum og ferðamönnum í bænum. Staðan í dag er sú að lokað hefur verið fyrir veidi í Varmá vegna mengunar frá skolphreinsistöðinni. Við slíkt verður ekki búið og nauðsynlegt er að forgangraða fjármunum í uppbyggingu og stækkan skolphreinsistöðvarinnar. Þetta er þó ekki ný staða því í raun hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands beint því til Hveragerðisbæjar allt frá árinu 2012 að bæta hreinsun fráveituvatns, en því miður var ekki nægileg áhersla lögð á að bæta fráveitumál hjá fyrrum meirihluta. Þessi staða skýrir m.a. ákvörðun meirihluta bæjarstjórnar um að fresta uppbyggingu Hamarshallarinnar um skamman tíma á meðan komist er fyrir vind í skolphreinsimálum bæjarins.

Með þessum aðgerðum verður íþróttaaðstaða í Hveragerði bætt með það að markmiði að byggja aðstöðu til framtíðar.

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, bæjarfulltrúi Okkar Hveragerðis

Halldór Benjamin Hreinsson, bæjarfulltrúi Framsóknar Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi Framsóknar Njörður Sigurðsson, bæjarfulltrúi Okkar Hveragerðis Sandra Sigurðardóttir, bæjarfulltrúi Okkar Hveragerðis

YANTRA PAINTINGS í Blómaborg á Blómstrandí dögum

Helga Sigurðardóttir og Viðar Aðalsteinsson eru ljónin á bak við listsþópunina YANTRA PAINTINGS, nærandi list. Pau búá í Hveragerði og eru með vinnustofu þar. Málverkin eru öll 100 x 100 cm og unnin eftir innri hljómi þess helga karl- og kvenhlæga og sýna því Yöntruverkin

leika þeirra líta og táknsins sem málverkin prýða. Út frá miðju hvers verks er listræn útfærsla á hinu ævaforma og heillavænlega Sri Yöntru-tákni. Sri Yantran stendur fyrir fullkomnum samhljómi þess helga karl- og kvenhlæga og sýna því Yöntruverkin



Hleypur fyrir Krabbameinsfélög Árnессýslu

Kolbrún Júlía Erlendsdóttir ætlar að hlaupa 10 kílómetra í Reykjavíkurmaráþoni Íslandsbanka, næsta laugardag, til að safna áheitum fyrir Krabbameinsfélög Árnессýslu sem hefur reynst henni ómetanlegt í ferlinu. Í ár eru þau þrjú sem hlaupa fyrir Krabbameinsfélagið en Kolbrún veit ekki til þess að áður hafi verið hlaupið fyrir félagið í Reykjavíkurmaráþoninu.

Til að heita á Kolbrún Júlú er hægt að leita að Krabbameinsfélagi Árnессýslu á RMI.is og hvetjum við lesendur eindregið til þess að styrkja þessa sterku konu.

„Ekkert til að hafa áhyggjur af“

Kolbrún greindist með krabbamein árið 2022 og er að stíga upp eftir veikindin en lætur það ekki stoppa sig í að hlaupa 10 kílómetra. Við ræddum við Kolbrún um veikindin og allt sem þeim fylgdu. „Ég byrjaði að finna hnút í vinstra brjóstini í júní árið 2021 og pantaði strax tíma hjá heimilislæknii. Vísaði hann mér áfram til Brjóstamiðtöðvarinnar þar sem ég komst að um miðjan ágúst. Við skoðun hjá þeim komust þeir að þeirri niðurstöðu að þetta væri ekkert til að hafa áhyggjur af en ég ætti að mæta aftur í september í einfyrlni. Þeirri skoðun komust þeir aftur að þeirri niðurstöðu að þetta væri ekkert alvarlegt, sjálfsagt bara bólginn mjólkurkirtill. Ég létt vita að hnúturinn hefði stækkað, en það voru engin sýni tekin og ég send heim. Hnúturinn stækkaði næstu vikurnar og þegar ég fékk boðun í reglubundna brjóstaskoðun pantaði ég tíma, en fékk í kjölfarið hringingu frá Brjóstamiðstöðinni og mér tilkynnt að ég ætti ekki rétt á þessum tíma því ég hafði verið í sérskoðun fyrr um sumarið og við það sat.“

Vissi að þetta var eitthvað

„Ég var ekki sátt við þessa niðurstöðu, því ég vissi að þetta var eitthvað og mér leið illa að vita af þessu þarna. Pantaði ég því tíma hjá Klíníkinni og tök Kristján Skúli læknir vel á móti mér, honum leist

ekki á þetta og vildi fjarlægja þennan hnút. Var hann fjarlægður og kom í ljós í rannsókn að þetta var hormónatengt, ifarandi mein frá mjólkurgangi, en það er ein algengasta tegund illkynja brjóstakrabbameins.“

Mættu undirbúin fyrir slæmar fréttir

„Kristján Skúli fór yfir aðgerðina með okkur og ég fikk strax á tilfinninguna að þetta væri illkynja, þegar hann hringir síðan og biður okkur hjónin að koma í viðtal til sín var ég orðin alveg viss um það hvernig staðan var. Á leiðinni frá Selfossi til Reykjavíkur fórum við yfir stöðuna og á þessum tímapunkti vildi ég bara losna við bæði brjóstin til að vera laus við mögulega endurkomu á krabbameini. Mættum við því frekar undirbúin í viðtalid hjá Kristjáni Skúla sem staðfesti grun okkar um að þetta hafi verið illkynja krabbamein og fór hann mjög vel yfir hvernig það hegðar sér og hvað væri framhaldið hjá mér eftir þessa greiningu. Með sinni nálgun hjálpaði hann okkur alveg heilmikið strax í byrjun.“

Við fórum út frá honum og inn í bíl og keyrðum af stað frá Ármúlanum. Parna einhvær vegin byrjaði alvaran, við þurftum að láta okkar nánustu vita og varð það okkur um megn akkúrat þarna, við náðum upp í Ártúnsbrekku keyrðum inn á bílastæðin bak við N1 þar sem tilfinningarnar ruddust fram.“

Frá Klíníkinni yfir til LSH

Par sem hnúturinn var illkynja varð Kolbrún að fara í aðra aðgerð og varð sú aðgerð að vera framkvæmd á LSH því aðgerðir fyrir illkynja krabbamein eru ekki niðurgeiddar af ríkinu hjá einkaaðilum. „Pegar ég komst að hjá LSH varð ég fyrir vonbrigðum því þar þurfti ég ítrekað að réttlaeta mína ákvörðun um að hafa leitað til einkaaðila. Vegna Covíð var fyrstu aðgerðinni á LSH frestað um 3 vikur og viku fyrir aðgerð er aðgerðinni aftur frestað. Ég andmælti þessari breytingu, því á þessum tímapunkti voru liðnir 10



mánuðir frá því að ég fann hnútinn, en engu að síður var mér sagt að þeir sem væru með krabbamein gengju fyrir í aðgerðir hjá LSH. Þessi bið var mjög erfið, en þegar aðgerðinni var lokið komu í ljós 10 meinvörp í skurðinum og 16 eitlar voru fjarlægðir. Eftir fjölda rannsókna varð ég því að fara í þriðju aðgerðina og nú á báðum brjóstum þar sem í ljós kom enn meira af meinum í vinstra brjósti og forstigsbreytingar í því hægra. Endaði þessi litli hnútur sem fikk að grassera í allan þennan tíma á því að framkvæmt var tvöfalt brjóstnám.“

Leitaði stuðnings þeirra sem höfðu farið í gegnum svipaða lífsreynslu

Aðspurð hverjar helstu áskoranirnar hafi verið í þessu erfiða ferðalagi segir Kolbrún þær hafa aukist í gegnum ferlið. „Fyrst var það fyrst vanlíðan eftir allar þær skurðaðgerðir sem ég fór í, síðan vanlíðan í lyfjagjöfunum og loks breyta eftir geislana. Ég reyndi að hreyfa mig og halda rútni í mínu lífi. En það sem hjálpaði mér mest var það að ég leitaði mér upplýsingar hjá þeim í kringum mig sem höfðu farið í gegnum þetta áður, þannig að ég var eins viðbúin og hægt var því sem tók við, hvað af öðru.“

Þétt stuðningsnet

„Ég er svo heppin að eiga frábæran eiginmann og fjölskyldu, vini og ættingja sem hafa stutt vel við mig í þessu öllu. Það að ég hafi getað leitað til annarra sem búa yfir svona reynslu er ómetanlegt og þakka ég þeim kærlega fyrir. Einnig var gott að geta leitað til Krabbameinsfélags Árnессýslu, Krabbameinsfélags Íslands og Ljóssins, þessi félög búa yfir reynslumiklu fólk sem er tilbúið að aðstoða með hvað eina sem kemur upp hjá fólkini í ferlinu,“ segir Kolbrún, aðspurð um hvað kom henni í gegnum ferlið.

„Ég og bara ég veit hvernig mér líður“

Það sem Kolbrún þótti erfiðast við að fara í gegnum þessu lífsreynslu var baráttan við heilbrigðiskerfið í upphafi greiningar og allar skurðaðgerðirnar. „En þessi reynsla hefur kennt mér að ég og

bara ég veit hvernig mér líður og ég mun héðan í frá aldrei láta segja mér að mér líði einhvær vegin öðruvísi en það sem ég finn. Ég hef alla mína ævi verið heilsuhraust, æfti sþróttir og hreyft mig mikil. Í dag er ég að berjast við að geta hjólað án verkja, labba upp stiga fara í fjallgöngur og hlaupa vegna verkja í hnjam og öðrum líðum. Einnig er þrek og þol til að klára daginn oft af skornum skammti, en ég er að vinna í þessu öllu saman.“

Krabbameinið er ekki ég

Aðspurð hvernig henni hafi gengið að finna stundir fyrir jákvæðni og gleði í ferlinu segist Kolbrún alltaf hafa litið jákvæðum augum á lífið og sig sjálfa. „Pó ég hafi fengið krabbamein þá er krabbameinið ekki ég. Það er búið að fjarlægja það mein sem var og ég vonandi slepp við að fá það aftur. Pó ég sé enn að finna fyrir því sem á undan hefur gengið, þá ætla ég að vinna mig út úr því og eitt af því er að kaupa mér loksins aftur kort í World Class í september og byrja mína reglubundnu innanhúss vetrar hreyfingu, en hreyfingin er það sem heldur mér í góðu jafnvægi.“

„Þetta ert ekki bara þú“

Skilaboðin sem Kolbrún vill koma á framfæri til þeirra sem eru að ganga í gegnum svipaða lífsreynslu eru að leita aðstoðar hjá þeim fagaðilum sem þau telja að henti þeim best. „Það sem reyndist mér best er að vera opinská um míni veikindi og vanlíðan. Fáðu upplýsingar um þín veikindi. Það er svo magnað að þegar þú ferð að tala um vanlíðan við aðra í sömu stöðu þá sérðu að þetta ert ekki bara þú, þetta er líðan sem aðrir í sömu stöðu eru mögulega einnig að ganga í gegnum.“

„Ég hélt að það væru bara hinir sem fengju krabbamein, þetta myndi ekki henda mig. Ég hélt að ég myndi aldrrei þurfa að leita aðstoðar hjá Krabbameinsfélagini, en hér er ég, búin að biggja fullt af aðstoð frá þeim. Er það míni ósk að sem flestir sjáí sér fært að heita á mig í Reykjavíkurmaráþoninu og styði þar með Krabbameinsfélög Árnессýslu,“ segir Kolbrún að lokum.

HGL



Kolbrún ásamt eiginmanni sínum, Porvaldi Guðmundssyni. Mynd: Aðsend.

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT • LJÓSMYNDIR • RÚLLUSTANDAR • RISAPLÖSTUN



Sími 482 1944 - selfosso@prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfossi.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirknin
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirknin

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheidi 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttigar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELF OSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNA BÓKHALL
Bókhall • Framtíð • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

KIRKJA

Skálholtskirkja

Heilunarmessa verður í Skálholtskirkju sunnudag 20. ágúst
kl. 11:00. Sr. Jóhanna Magnús-
dóttir sér um prestsþjónustuna.

Hrepphlakirkja

Hestamannamessa sunnudaginn
20. ágúst kl. 14. Hópreið leggur af stað frá Hruna stundvislega
kl. 11:30. Riðið verður yfir Stóru-Laxá að Hlíð og þaðan
farið yfir aftur hjá „skattstigum“ og að Hrepphlóum.
Almennur safnaðarsöngur undir
stjórn Eyrúnar Jónasdóttur organista.
Hestar og fólk - verið öll
hjartanlega velkomin!

Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 20. ágúst
kl. 11:00. Kirkjukóinn syngur.

TIL LEIGU

Íbúð til leigu

Til leigu 3ja herbergja íbúð í
Grænumörk 2 á Selfossi. 93 fm
ásamt geymslu, yfirbyggðar
svalir. Staði í bílakjallara fylgir
íbúðinni. Leigist 50 ára og eldri.
Íbúðin er laus frá 1. september.
Nánari uppl. í síma 844 7732.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Hamingjan réði ríkjum í Þorlákshöfn

Hamingjan við hafið var
Haldin með pompi og prakt
í Þorlákshöfn dagana 8.-12.
ágúst. Dagskráin var fjölbreytt
og fyrir allan aldur og höfst hún
á sýningu Leikhópsins Lottu,
Gilitrutt í Skrúðgarðinum. Fyrri
hluta vikunnar léku bæjarbúar
sér í alls kyns leikjum og sam-
veru og má þar nefna Bolt-
þrautir hverfanna, lautarferð og
gömlu góðu leikina í Skrúðgarð-
inum. Heljarinnar sundlaugar-
diskó var halddið fyrir börn og
unglinga þar sem Diskótekið
Dísá hélt uppi stuðinu. Á Ní-
unni, lífsgæðasetri aldraðra var
slegið upp grill- og harmóníku-
festivali og fólk naut samveru,
góðs matar og dansiballs. Það er
markmið okkar sem að hátiðinni
standa að hafa sem flesta við-
burði gjaldfrjálsa svo allir eigi
þess kost að taka þátt en Sveitar-
félagið Ölfus á veg og vanda að
fjármögnun hátiðarinnar ásamt
fjölmögum styrktaraðilum. Í ár
voru það eftirtaldir sem styrktu
hátiðina: GeoSalmo, Fasteigna-
sala Suðurlands, Landeldi,
Arnarlax, Smyril Line, Lands-
bankinn, Ölfusborg, Kvenfélag
Þorlákshafnar, Ísfélag, Skálinn
og Suðurverk.

Föstudagskvöldið 11. ágúst
fóru bæjarbúar og gestir þeirra
í litaskráðögungu hverfanna með
Lúðrasveit Þorlákshafnar í farar-
broddi. Gengið var um bæinn og
endað í Skrúðgarðinum þar sem
búið var að kveikja upp í kolum
svo allir gátu grillað sér eitthvað
gómsætt ásamt því að matar-
vagnar voru mættir á svæðið
að bjóða upp á góðan götubita.
Umhverfisverðlaun Ölfuss voru
veitt. Skinney Þinganes fékk



viðurkenningu fyrir snyrtileg-
asta fyrirtækið í þéttbýli og Icel-
landic Glacial fyrir snyrtilegasta
fyrirtæki í dreifbýli. Botnlang-
inn Hafnarberg 12-30 hlaut svo
viðurkenningu fyrir snyrtileg-
ustu götu Þorlákshafnar 2023.
Það var Hrönn Guðmundsdóttir
sem veitti verðlaurin fyrir hönd
skipulags- og umhverfisnefndar
Ölfuss.

Síðan hófst kvöldvaka í stóra
tjaldinu í garðinum. Þar komu
fram hljómsveitin Sunnan 6,
Jónas Sig ásamt hljómsveit, Hr.
Eydis og Hreimur. Í tjaldinu var
mikil stemning og gríðarlega
mikið af fólk á svæðinu. Að
kvöldvökum lokinni hélt Kör-
funkattleiksdeild Þórs sitt árlega
Körfupárti þar sem DJ Bragi
þeytti skífum. Ábúendur á Skál-
holtsbraut 11 buðu einnig heim
í garðpartí þar sem Hreimur og
hljómsveit héldu „opna hljó-
msveitarefingu“.

Laugardagurinn 12. ágúst
bar með sér barna- og fjl-
skylduskemmtun í Skrúð-
garðinum og nágrenni þar sem
ýmislegt var hægt að gera sér
til dundurs. Hoppland setti upp
palla á Herjólfssbryggjuni þar
sem hægt var að stökkva í sjó-
inn og vakti það mikla lukku.
BMX Brós sýndu listir sínar,
Blaðrarinn mætti og framleiddi
blöðrudýr í gríð og erg, hægt
var að leika sér í vatnaboltum
og risastórum hoppuköstulum
auk þess að fara nokkra hringi
með Veltibílnum. Sylvía Erla
og Árni Beinteinn fluttu Bestu
lög barnanna, Diskótekið Dísá
sá um krakkaball og söngvara-
keppni barnanna var haldin þar
sem 13 atriði stigu á stokk, hvort

öðru skemmtilegra. Þrijú bestu
atriðin fengu viðurkenningu frá
Hafnarfréttum en það voru þau
Finnur og Kolbeinn Flóki, Kar-
en Embla og Helena sem valin
voru af dómnefndinni. Slysavarnarfélagið Sigurbjörg hélt
utan um markað í Ráðhúsinu og
kennið þar ýmissa grasa.

Um kvöldið var svo komið
að stórtónleikum í tjaldinu þar
sem Jón Arnór og Baldur, Katrín
Myrra, Moskvít, Langi Selí og
skuggarnir, Emmsjé Gauti og
Júlí Heiðar og Kristmundur
Axel trylltu gesti með frábæri
dagskrá. Tjaldið var smekkfult
og annað eins af fólk fyrir utan.
Að tónleikum loknum var svo
komið að flugeldasýningu sem
lysti upp garðinn í góða veðrinu.
Kvöldin lauk svo með Ham-
ingjuballinu í tjaldinu þar sem
Jónsi og Stefánia Svavars ásamt
hljómsveit héldu fólk á dans-
gölfini til klukkan tvö.

Hátiðin fór einstaklega vel
fram og heppnaðist afar vel.
Veðrið lék við hátiðargesti alla
vikuna og mátti sjá bros á allra
vörum. Undirrituð vill koma á
framfæri þökkum til allra sem
lögðu hönd á plóg við að gera
hátiðina sem glæsilegasta. Sér-
stakar þakkir fá strákarnir í
þjónustumiðstöðinni sem voru
tilbúin að hlaua hvenær sem
var og brugðust við öllu sem
upp kom. Einnig fær Sigurgeir
Skafti og hans fólk í Sub ehf.
bestu þakkir fyrir gott samstarf.

Sjáumst í Hamingjunni að
ári!

Magnþóra Kristjánsdóttir,
verkefnastjóri Hamingjunnar
við hafið 2023



Ljósmyndir: Teddi Owen



Síðasta sýningarhelgi sýningar Guðrúnar Tryggva í Sesseljuhúsi

„Verið velkomin á lokahóf sýningar minnar ONÍ sem staðið hefur í Sesseljuhúsi á Sólheimum síðan 3. júní sl. Sýningarspjall og léttar veitingar laugardaginn 19. og sunnudaginn 20. ágúst frá kl. 14:00 til 17:00,“ segir í tilkynningu sem Guðrún sendi frá séri.

Guðrún Arndís Tryggvadóttir er fædd í Reykjavík en býr og starfar á Selfossi. Hún fékk innögöngu í Myndlista- og handíða Islands sextán ára gömul, fór í framhaldsnám til Parísar og síðan til München þar sem hún hlaut æðstu verðlaun akademíunnar við útskrift. Tveggja ára dvöl á Íslandi fylgdi í kjölfarið, starfslaun listamanna og einkasýning á Kjarvalsstöðum 1987 en síðan fór hún til Berlínar í eitt ár og til Bandaríkjanna í fimm ár þar sem hún tók þátt í fjölda sýninga. Hún átti síðan eins árs viðdvöl á Íslandi veturninn 1992-1993 og stofnaði þá myndmenntaskóllann Rými. Síðan lá leiðin aftur til Þýskalands þar sem hún stofnaði hönnunarstofuna Kunst & Werbung, málæði og var m.a. fengin til að hanna

minnisvarða fyrir borgina Gro-Balmerode. Guðrún sneri aftur til Íslands um aldamótin 2000. Eftir heimkomuna urðu náttúrvvernd og umhverfismál henni æ mikilvægari. Árið 2004 hóf hún undirbúning að stofnun umhverfisefsins Náttúran.is / Nature.is sem hún rak til ársins 2016. Frá árinu 2017 hefur hún starfað sem landvörður meðfram listsköpun sinni og rekið fræðslu- og útgáfufélagið Listrými sem gaf m.a. út bókina Lífsverk - Prettán kirkjur Ámundur Jónssonar árið 2019 en Ámundur var einn virtasti lista- og handverksmaður 18. aldar á Suðurlandi. Sýningunni ONÍ fylgir sýningarskrá sem einnig er gefin út af Listrými. Guðrún hefur hlotið margvíslegar viðurkennningar fyrir störf sín, bæði á svíði umhverfismála og menningar- miðlunar sem og fyrir myndlist sína. Verk hennar byggja á sterku hugmyndafræðilegum og oft sögulegum grunni en hún gerir sífellt tilraunir með nýja tækni og frásagnaraðferðir í list sinni. tryggvadottir.com.



Veiðin treg í Hvítá

Tíðindamaður Dagskráinnar var á ferð í Langholti í Flóa á dögunum þar sem hann hitti Guðna Ágústsson, ásamt Arnari Þór Úlfarssyni, tengdasyni Guðna, við stangaveiði. Hreggvíður Hermannsson veiðibóni var að kenna þeim handtökum. „Veiðistaðurinn er einn sá fugursti í allri Hvítá,

Stofnun Leikfélags Eyrarbakka

(Alpan húsinu) Búðarstíg 22 á Eyrarbakka.

80 ár eru liðin frá því Leikfélag Eyrarbakka var stofnað. Félagið var mjög virkt fram á 6. áratug síðustu aldar. Meðal vinsælustu sýninga félagsins var „Lénharður fógeti“ eftir Einar H Kvaran. Myndin er af leikurum þeirrar sýningar. Vigfús Sigurgeirsson tók myndina.

Óskað er eftir áhugasömu fólk sem kæmi að féluginu með margvíslegum hætti. Fólk með áhuga á leiklist, sögu bæjarins, búningum, svíðsmynd, sminki, handritagerð, leikstjórn og fl. er velkomioð.

Fólk er hvatt til að mæta á stofnfundinn, því án sýnilegs áhuga bæjarbúa um að taka þátt verður lítið um endurreisn Leikfélags Eyrarbakka.



Hera Fjord, Hulda Ólafsdóttir og Sella Páls Heru að endurvekja Leikfélag Eyrarbakka og kanna áhuga þorpsbúa og nærsveitunga á að vera með. Þær boða til stofnfundar þann 22. ágúst næstkomandi í Byggðasafni Árnesinga

Auglýsing um skipulag í sveitarfélagini Ölfusi



ÖLFUS

Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar í bæjarstjórn Ölfuss þann 27. apríl, og 29. júní í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar og 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillaga fyrir Þróddsstaði 2 - lóð d.

Tillagan gerir ráð fyrir að lóðinni verði skipt í two hluta, markaður byggingarreitur fyrir íbúðarhús og bílskúr á annarri en 9 ferðapjónustuhús á hinni. Heimilt verður að byggja allt að 1450 fermetra af byggingum á báðum lóðunum. Þetta er í samræmi við aðalskipulag Ölfuss 2020-2036.

Breyting á deiliskipulagi lóðanna Gljúfurárholt 13 og 14

Gerð er tillaga um breytingu á deiliskipulagi lóðanna Gljúfurárholt 13 og Gljúfurárholt 14 sem nú heita Gljúfurholt og Bjarg. Uppbyggingarheimildir eru auknar í samræmi við það sem aðalskipulag Ölfuss heimilar.

Tillaga að deiliskipulagi lóðarinna Spóavegur 12a

Tillagan gerir ráð fyrir að byggja megi íbúðarhús, gestahús og bílskúr á lóðinni í samræmi við heimildir aðalskipulags Ölfuss 2020-2036.

Aðalskipulagsbreyting fyrir Móa miðbær í Þorlákshöfn - M1

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi á reit sem kallaður er M1 í aðalskipulagi. Breytingin snýst um að íbúðum í reitnum er fjlögað úr 80 í 200.

Samtímis er deiliskipulagi sem er í gildi á reitnum breytt þannig að markað er miðbæjartorg á reitnum, umkringt húsum sem hýsa ýmsa miðbæjarstarfsemi þar á meðal hótel. Íbúðir verða einnig á efri hæðum húsa sem geta orðið allt að 5 hæðir.

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Móa miðbær í Þorlákshöfn - M1

Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu "Deiliskipulag Móa - Miðbæjarkjarni Þorlákshöfn" á reit sem kallaður er M1 í aðalskipulagi. Samtímis er aðalskipulagi breytt þannig að íbúðum í reitnum er fjlögað úr 80 í 200.

Deiliskipulagsbreytingin markar miðbæjartorg á reitnum, umkringt húsum sem hýsa ýmsa miðbæjarstarfsemi þar á meðal hótel. Íbúðir verða einnig á efri hæðum húsa sem geta orðið allt að 5 hæðir.

Breyting á deiliskipulaginu Gljúfurárholt land 10 - Staður

Breytingin er fyrirhuguð á deiliskipulagi fyrir Stað í Ölfusi, sem áður hét Gljúfurárholt land 10. Heimildir til uppbyggingar á landinu eru aðlagaðar breytingum í nýju aðalskipulagi. Hætt var við lóð fyrir samfélagsþjónustu sem gert var ráð fyrir í eldra skipulagi en í stað hennar settur reitur fyrir verslun og þjónustu. Hugmyndin er að byggja upp gistiaðstöðu í smáhýsum á reit, nyrst í landinu. Að auki eru heimildir til uppbyggingar á örðum hlutum landsins skilgreindar nánar í samræmi við nýtt aðalskipulag.

Breyting á deiliskipulaginu Hjarðarból lóð 1

Lögð er fram breyting á deiliskipulaginu Hjarðarból lóð 1, þar sem byggingarheimildir á þremur af lóðunum sem skipulagið markar er breytt til samræmis við heimildir í nýju aðalskipulagi. Einnig er hámarks mænishæð aukin lítillega á lóðunum þremur, eða úr 6m í 6,6m.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 17. ágúst til 28. september 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 28. september 2023.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss

Aldrei betra Sumar á Selfossi



Um síðustu helgi var mikið um dýrðir þegar bæjarhátiðin Sumar á Selfossi fór fram. Hátiðin hefur skapað sér fastan sess hjá bæjarbúum og myndast skemmtilegur bæjarbragur þegar íbúar gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn, skreyta húsín sín og jafnvel heilu göturnar með allskyns fíggúrum og skrautnumunum í litum hverfanna. Viða nýtir fólk hátiðina í góту-grill og nágrannar kynnast, áður en haldið er í Sigtúnsgarðinn í hvítá tjaldið og á sléttusönginn sem er ómissandi hápunktur hátiðarinnar þegar allir koma saman í Sigtúnsgarði og syngja.

Fram úr björtstu vonum

„Sumar á Selfossi fór fram úr okkar björtstu vonum, allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi, gestir skemmtu sér vel og heilt yfir gekk framkvæmdin snuðru-laust fyrir sig. Hátiðin heldur áfram að vaxa og dafna, ár frá ári, í takt við fólkssjölgun í sveitarfélagini. Margt hefur breyst og bróast frá fyrstu hátið en eitt er það sem aldrei breytist og það er stuðið og gleðin sem er í al-gleymingi þessa uppáhalds helgi allra sanrra Selfyssinga,“ segir Þórarinn Smári Thorlacius, fram-kævmdastjóri Sumar á Selfossi í samtali við Dagskrána.

Þórarinn segir að hátiðin hafi byrjað frábærlega og að sjaldan eða aldrei hafi verið jafn góð mæting á fimmtudagstónleikana sem í ár voru í höndum Jóns Jónssonar og í boði Lindex. Þá segir hann að um þúsund manns hafi mætt bæði á tónleikana sem haldni voru í Sigtúnsgarði á föstudagskvöld, þar sem Stuðla-bandí lék, ásamt Röggvi Gísla, Daníel Ágústi og Diljá Péturs og á dansleik með Stuðlabandinu á laugardagskvöld.

„Sumar á Selfossi er lífæð Knattspyrnufélags Árborgar og eru við ævinlega þakkláttir bæjarbúum fyrir að styðja við starfsemi félagsins með því að taka þátt að ógleymendum þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem stóðu þett við bakið á okkur í þessu stóra verkefni. Takk fyrir okkur – Árborg allt!,“ segir Þórarinn að lokum.

Hamarshöllin sett á bið



Bæjaryfirvöld í Hveragerðisbae hafa metið það svo að ekki sé raunhæft að halda áfram með samkeppnisviðræður um uppyggingu Hamarshallarinnar þar sem nauðsynlegt sé fyrir Hveragerðisbae að forgangraða fjármunum bæjarins í stækku skolphreinsistöðvar bæjarins sem ekki var hugað að á síðustu árum með aukinni íbúafjölgun. Þetta kom fram á fundi bæjarráðs Hveragerðisbaejar sem haldinn var í síðustu viku. Einnig kemur fram að efnahagsumhverfið sé mun erfðara nú en þegar ákveðið var fyrir einu ári síðan að fara af stað með uppyggingu Hamarshallarinnar.

Nýr upphitaður gervigrasvöllur
Ákveðið hefur verið að fara í uppyggingu á gervigrasvelli og leigja íþróttahús í Vorsabæ fyrir inniþróttir. Að mati bæjarráðs munu þessar aðgerðir skapa meiri tíma til að undirbúa framtíðaruppgjöggingu Hamarshallarinnar á næstu árum en tekið er fram að aðeins sé verið að fresta áætlunum um uppyggingu Hamarshallarinnar en ekki hættá við þær. Nýi gervigrasvöllurinn verður upphitaður og upplýstur og staðsettur í Dal eins og gert var ráð fyrir í skipulagi Hveragerðisbaejar. Áætlud verklok eru haustið 2024.



ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfossi
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótel og gistið
Öryggiskerfi
Efirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
Vilmundur Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttigar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980